

11 nímmt!

Eftir Wolfgang Kramer
Þýðandi Guðný Eva Pétursdóttir

Fjöldi leikmanna: 2-7

Aldur: Frá 8 ára

Lengd: U.þ.b. 30 mín.

Innihald:



100 spil með tölum frá 1 upp í 100 10 bolaspil

Spilið:

Hver leikmaður byrjar með 10 spil á hendi. Sá sem á leik þarf að leggja eitt spil ofan á einhvern bunka. Mismunurinn milli tölunnar á spilinu, sem lagt er út, og tölunnar á efsta spilinu í bunkanum má ekki vera meiri en 10, annars er sagt: „11 tekur bunkann!“ og þá þarf viðkomandi leikmaður að taka allan bunkann upp á hendi. Sá sem tekur upp bunka fær eitt bolaspil og þar með rétt til að leggja niður fleiri spil í einu þegar hann á að gera. Markmið spilsins er að losa sig við öll spilin af hendi.

Undirbúningur

- Stokkið spilin og gefið hverjum leikmanni 10 spil. Leikmenn raða spilunum sínum á hendi í talnaröð. Afgangurinn af spilunum er settur í bunka á hvolf á borðið.
- Snúið efsta spilinu við og leggið við hliðina á bunkanum. Fyrsti bunkinn byggist upp ofan á það (kastbunki).
- Bolaspilin eru sett við hliðina á bunkanum á hvolfi.
- Yngsti leikmaðurinn byrjar.

Uppröðun spila á borðinu í byrjun spilsins



Bolaspil

Spilin

Fyrsti kastbunki

Gangur spilsins

Farið er réttisælis í kringum borðið. Sá sem á leik velur að gera annað hvort af eftirfarandi:

- A) Setja út eitt spil af hendi ofan á einhvern kastbunkann (það er látið snúa upp).
- B) Taka öll spilin úr einhverjum kastbunkanum upp á hendi.

A) Að setja út spil

Eftirfarandi reglur gilda þegar sett eru út spil:

• Regla 1 – Hækkandi röð

Spil, sem lögð eru niður, verða alltaf að vera hærri en efsta spilið í bunkanum sem þau eru lögð á.

• Regla 2 – Hámarksmunur er 10

Mismunurinn milli tölunnar á spilinu, sem lagt er út, og tölunnar á efsta spilinu í bunkanum má ekki vera meiri en 10. Ef leikmaður á bara spil sem eru hærri en 10 stigum yfir efsta spilinu verður hann að taka upp á hendi öll spilin úr einhverjum bunkanum.

• Regla 3 – Talnaröðin nær upp í 100 og byrjar svo aftur á 1, 2, 3 o.s.frv.

Ef spil 96 liggur t.d. eftst í bunka má leggja ofan á það spil frá 97 upp í 100 og frá 1 upp í 6 því mismunurinn er ekki meiri en 10.

Dæmi: efsta spilið í bunkanum er 98. Leikmaður leggur út 5. Mismunurinn er 7 (99, 100, 1, 2, 3, 4, 5).

B) Að taka bunka upp á hendi

Leikmaður tekur upp bunka ef hann á engin spil sem hægt er að setja út ofan á einhvern kastbunkann eða ef hann sér sér hag í að taka upp bunka.

Í hvert skipti sem einhver leikmanna tekur upp bunka er tveimur spilum flett upp úr bunkanum á hvolfi og þau lögð á borðið. Þessi spil mynda nýja bunka. Það merkir að fjöldi kastbunkanna vex eftir því sem líður á spilið. Sjá einnig „Spiladæmi“.

Í byrjun þegar aðeins er einn kastbunki á borðinu er bara hægt að taka upp þann bunka. Þegar líður á spilið fjölga bunkunum stöðugt. Leikmaður getur þá valið sér þann bunka sem hann kys helst.

Ath: Þegar leikmaður velur sér bunka má hann ekki fletta í gegnum hann til að sjá hvaða spil og hversu mörg eru í bunkanum.

Spilunum úr bunkanum er raðað á hendi. Síðan á næsti maður leik.

Mikilvægt: Sá sem tekur upp bunka með 3 eða fleiri spilum fær bolaspil sem hann leggur fyrir framan sig og lætur það snúa upp. Leikmaður getur átt fleiri en eitt bolaspil.



Þegar bunkinn með bolaspilunum klárast má leikmaður, sem á að fá bolaspil, taka eitt frá þeim leikmanni sem á flest bolaspil og leggja það fyrir framan sig. Ef tveir leikmenn eða fleiri eru með jafnmög spil má hann velja frá hverjum þeirra hann tekur spil.

Bolaspilin

Sá sem á bolaspil má leggja niður fleiri en eitt spil ofan á kastbunka þegar hann má setja út spil.

11 nimmt!



Bunki



Kastbunki



Bunki



Kastbunki



Kastbunki

Fyrsti leikmaður má leggja spil á bilinu 32 til 41 ofan á bunkann. Hann ákveður að setja út spil 36. Næsti leikmaður má þá setja út spil á bilinu 37 til 46 ofan á bunkann. Hann leggur niður spil 46.

Tveimur spilum í viðbót er flett upp úr bunkanum á hvolfi, spili 19 og 78. Leikmenn hafa því val um þrjá bunka til að leggja niður spil á.



Bunki



Kastbunki



Bunki



Kastbunki



Kastbunki



Kastbunki

Þriðji leikmaður á engin spil með tölu á bilinu 47 til 56. Hann verður því að taka bunkann og setja spilin á hendi. Hann tekur einnig eitt bolaspil og leggur fyrir framan sig. Að lokum er tveimur spilum úr bunkanum á hvolfi flett upp og þau lögð við hliðina á honum. Það eru spilin 23 og 87.

Lok spilsins

Spilaumferðinni lýkur þegar einhver leikmanna hefur losað sig við öll spil af hendi. Hinir leikmennirnir telja þá saman fjölda uxamynda á spilunum sem þeir eru með á hendi. Hver uxi gefur eitt mínusstig.



Bunki



Kastbunki



Kastbunki

Næstu leikmenn leggja spilin 88, 92, 98 og 5 ofan á bunkann þar sem efsta spil er 87. Sá sem næst á leik á engin spil til að leggja ofan á hvorugan bunkann án þess að brjóta regluna um 10 stiga hámarksmun. Hann neyðist til að taka upp öll spilin úr öðrum bunkanum. Hann ákveður að taka bunkann með spili 23 því að í honum er aðeins eitt spil. Hann fær því ekkert bolaspil, því til þess þurfa að vera minnst 3 spil í bunkanum sem tekinn er upp.

Mínusstigin eru skrifuð niður og næsta umferð hefst. Sá sem fékk flest mínusstig byrjar. Spilaðar eru jafnmargar umferðir og leikmenn eru margir (ef þrír spila eru spilaðar þrjár umferðir). Sá, sem færst mínusstig hefur fengið í lokin, sigrar.

Dæmi: Á spilinu á myndinni eru t.d. þrír uxar, sem gefa þrjú mínusstig.

